



**Akraneskaupstaður**  
**b.t. bæjarráðs**  
**Stíllholti 16-18**  
**300 Akranes**

Akranesi, 24. apríl 2019

1904196 SDA/khó

**Efni: Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun 2019**

Í fylgiskjölum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 1. janúar til og með 31. mars 2019.

**Breytingar á fjárhagsáætlun A-hluta sem samþykktar hafa verið í bæjarráði/bæjarstjórn:**

- 14.2.2019. Bæjarráð samþykkir að veita FEBAN styrkveitingu að fjárhæð 500.000 kr. vegna 30 ára afmælis. Viðbótarútgjöldum verður mætt af liðnum 20830-4995.
- 28.2.2019. Bæjarráð samþykkir fjárveitingu vegna verkefnisins Bókasafn framtíðarinnar að upphæð 1.430.000 kr. Fáist úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands mun fjárhæðin lækka sem því nemur. Ekki fékkst úr þeim sjóði og stendur því upphæðin en viðbótarútgjöldum verður mætt af liðnum 20830-4995.
- 28.2.2019. Bæjarráð samþykkir rekstrarsamning við Klifurfélag ÍA að upphæð 1.200.600 kr. Viðbótarútgjöldum verður mætt af liðnum 20830-4995.
- 14.3.2019. Bæjarráð samþykkir kaup á hjartastuðtæki að fjárhæð 300.000 kr. Viðbótarútgjöldum verður mætt af liðnum 20830-4660.
- 14.3.2019. Bæjarráð samþykkir hækkun á fjárhagsáætlun Guðlaugar samtals að fjárhæð 6,8 millj. kr. Viðbótarkostnaði verður mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi.
- 27.3.2019. Bæjarráð samþykkir beiðni frá Tónlistarskóla Akraness um tækjakaup fyrir skólann að upphæð 1.530.000 kr. Viðbótarútgjöldum verður mætt af liðnum 20830-4660.



## Akraneskaupstaður

- 27.3.2019. Bæjarráð samþykkir aukið fjármagn til viðhalds á Byggðasafninu að Görðum að upphæð 15 millj. kr. Viðbótarkostnaði verður mætt innan samþykkrar fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar. Fjármunir verða færðir af eignasjóði 31830-4620 á Byggðasafnið að Görðum 61210-4620. Vegna þessarar viðbótar er bætt við framlagi sem nemur 15 millj. kr. á deild 05320-5942 (innri framlög Byggðasafn). Á móti eru auknar tekjur á Byggðasafni um sömu upphæð. Þessi tilfærsla breytir ekki áætluðum rekstrarafgangi A- hluta. **Skoða þarf síðar ráðstöfun með framlag Hvalfjarðarsveitar.**

Þessar breytingar sem samþykktar hafa verið í bæjarráði/bæjarstjórn hafa áhrif til lækkunar rekstrarafkomu. Upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðum rekstrarafgangi A-hluta uppá 421.779 þús. kr. og lækkar því áætlaður rekstrarafgangur í 414.979 þús. kr.

**Breytingar á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun sem samþykktar hafa verið í bæjarráði/bæjarstjórn:**

- 28.2.2019. Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna kaup á landinu Æðaroddi/Miðvogur að fjárhæð 8,1 millj. kr. Viðbótarkostnaði verður mætt með lækkun á handbæru fé.
- 27.3.2019. Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna niðurrifts veggja umhverfis sandþró á Sementsreit að upphæð 40.646.000 kr. Viðbótarkostnaði er mætt með lækkun á handbæru fé.
- 27.3.2019. Bæjarráð samþykkir að byggð verði ný kennslustofa við Grundaskóla. Heildarkostnaður að upphæð 30 millj. kr. Viðbótarkostnaði verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Þessar breytingar sem samþykktar hafa verið í bæjarráði/bæjarstjórn hafa áhrif til hækkunar á fjárfestingaáætlun. Í upphaflegri fjárhagsáætlun A-hluta var gert ráð fyrir fjárfestingu að upphæð 1.243.142 þús. kr. Samtals hefur verið samþykkt hækkun á fjárfestingaáætlun um 78.746 þús. kr. og er því heildarfjárfesting A-hluta 1.321.888 þús. kr.

**Tækjakaupasjóður, ákvörðun á sviðstjórafundum:**

- 26.2.2019. Á sviðstjórafundi var ákveðið að veita viðbótarfjármagn á 04120-4650 (viðhald innanstokksmuna) vegna sófakaupa fyrir Vallarsel að upphæð 493.578 kr. Viðbótarútgjöldum verður mætt af liðnum 20830-4660.




Akraneskaupstaður

**Aðrar breytingar, tillaga fjármálasviðs:**

- Samkvæmt meðfylgjandi bréfi sviðsstjóra velferðar og mannréttindasviðs leggjum við til að fjárhagsáætlun á deildum 02540 Liðveisla og 02550 Heimaþjónusta verðir felldar út og sameinaðar á deild 02530 Stuðningsþjónusta. Þetta er breyting milli deilda sem hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu.
- Eftirlaun 2019 samkvæmt meðfylgjandi skjali. Áætlun vegna eftirlauna hefur ekki skilað sér inn í fjárhagsáætlun 2019. Tillaga er frá fjármálasviði að færa af 20830-1691 (laun utan launakerfi á óráðstöfuðu) alls 4,1 millj. kr. á 06510-1681 (Íþróttamiðstöð Jaðarsbökkum) 1,9 millj. kr. og á 04120-1681 (Leikskólinn Vallarsel) 2,2 millj. kr.

Virðingarfyllst,

  
Kristjana Helga Ólafsdóttir  
Verkefnastjóri

  
Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs